

**GJALDSKRÁ**  
**fyrir fráveitu á veitusvæði**  
**Orkuveitu Reykjavíkur – vatns- og fráveitu, Akraneskaupstaður.**

Félagsfundur Orkuveitu Reykjavíkur – vatns- og fráveitu hefur samþykkt eftirfarandi gjaldskrá fyrir fráveitu og birtir hana í umboði bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar:

<i>Sveitarfélag</i>	<i>Fast gjald kr./matseiningu</i>	<i>Breytilegt gjald kr./fermetra</i>
Veitusvæði II – Akranes	10.109	390,19

Fyrir fasteignir í landi Krosslands í Hvalfjarðarsveit gildir verð skv. veitusvæði II – Akranes.

Heimilt er að innheimta fráveitugjald af öllum fasteignum þar sem tenging er fyrir hendi við mörk fasteignar. Fráveitugjald samanstendur af fastagjaldi á hverja matseiningu og fermetragjaldi eftir stærð samkvæmt fasteignamati. Heimilt er að reiknað sé af flatarmáli allra mannvirkja á fasteign.

Heimilt er Orkuveitu Reykjavíkur – vatns- og fráveitu að gjaldfella álagningu ársins verði greiðslufall á einum eða fleiri reikningum vegna álagningarinnar.

Gjaldskrá þessi sem er sett í samræmi við lög um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009 og reglugerð um fráveitur sveitarfélaga nr. 982/2010 öðlast gildi 1. janúar 2017. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1135/2015.

*Reykjavík, 6. desember 2016.*

F.h. Orkuveitu Reykjavíkur – vatns- og fráveitu,

**Inga Dóra Hrólfsdóttir.**

B-deild – Útgáfud.: 20. desember 2016